

Alþingi 9.5.2017

Málsnr.: _____
Málalykill: 0.34.4

4/2. mal

Hlutfall kaelimiðils í afla

6.4.2017

Fiskistofa birtir hér niðurstöður vigtana m.t.t. íshlutfalls hjá þeim vigtunarleyfishöfum þar sem veiðieftirlitsmenn Fiskistofu hafa viðhaft eftirlit með endurvigtun á tímabilinu 1. janúar til 31. mars 2017.

Taflan hér að neðan sýnir samanburð á vegnu meðalíshlutfalli hvers vigtunarleyfishafa og íshlutfallinu þegar eftirlit var haft með vigtuninni. Vegið meðalíshlutfall er íshlutfall vigtunar þegar tekið er tillit til heildarmagns sem vigtað er í öllum vigtunum frá tilteknu skipi hjá viðkomandi leyfishafa. Þessi tala er borin saman við íshlutfallið þegar eftirlitsmaður er viðstaddur endurvigtun og mismunurinn í prósentustigum er birtur. Taflan sýnir einnig heildarafla sem viðkomandi skip landaði hjá vigtunarleyfishafanum á tímabilinu.

Ástæður breytilegs íshlutfalls geta verið margvíslegar. Það er hlutverk Fiskistofu að hafa eftirlit með að vigtun á sjávarafli sé sem réttust. Til þess að rækja það hlutverk sem best beitir Fiskistofa margvíslegum aðferðum og má í því sambandi nefna samvinnu við útgerðir og vinnslur, áhættugreiningu og aðgengi allra að upplýsingum um veiðar og afla.

Bls.	Leyfishafi	Veiðiskip	Veiðistofn	Afli samtals (kg)	Íshlutfall v. meðaltal	Íshlutfall við yfirstöðu	Íshlutfall - mismunur
25	Hólmsteinn Helgason	Kristinn (2661)	Þorskur	96.894	16,97%	4,33%	-12,64%
3	Búlandstindur	Sunnutindur (2670)	Þorskur	221.161	14,83%	4,33%	-10,52%
24	Hólmsteinn Helgason	Björn Hólmgeirsson (2641)	Þorskur	102.277	18,12%	7,67%	-10,45%
11	Stakkavík	Guðbjörg (2468)	Þorskur	129.349	22,35%	16,74%	-5,61%
15	Vísir	Kristín (972)	Þorskur	252.801	15,48%	10,68%	-4,80%
1	Einhamar Seafood	Auður Véstains (2888)	Þorskur	510.196	17,69%	13,62%	-4,07%
2	Einhamar Seafood	Gísli Súrsson (2878)	Þorskur	471.774	17,68%	13,68%	-4,00%
5	Valafell	Saxhamar (1028)	Þorskur	204.582	13,58%	10,55%	-3,03%
20	Rekstrarfélagið Eskja	Hafís (2400)	Þorskur	79.827	21,66%	18,76%	-2,90%
14	Þorbjörn	Hrafn (1401)	Þorskur	295.993	17,08%	14,21%	-2,87%
4	Guðmundur Runólfsson	Helgi (2017)	Þorskur	81.008	21,21%	19,46%	-1,75%
27	Slæging	Steini Sigvalda (1424)	Þorskur	228.605	31,91%	30,46%	-1,45%
22	Fiskmarkaður Íslands	Farsæll (1629)	Ýsa	48.862	17,81%	16,41%	-1,40%
17	SP Þorlákshöfn	Steinunn (2449)	Þorskur	297.982	6,85%	5,80%	-1,05%
26	Slæging	Maron (363)	Þorskur	190.744	31,74%	30,89%	-0,85%
23	Þögun	Þögur (2906)	Rækja (úthafsækja)	65.150	23,57%	23,04%	-0,53%
6	K G Fiskverkun	Tjaldur (2158)	Þorskur	270.219	17,77%	17,25%	-0,52%
9	Hraðfrystihús Helliands	Rifnes (2847)	Þorskur	266.161	15,41%	15,35%	-0,06%
28	Fiskmarkaður Snæfellsbæjar	Matthías (2463)	Þorskur	98.927	3,78%	4,01%	0,23%
8	Soffanías Cecilsson	Grundfirðingur (1202)	Þorskur	289.738	17,87%	18,16%	0,29%
12	HB Grandi	Ottó N Þorláksson (1578)	Þorskur	201.364	15,40%	15,99%	0,59%
21	Rammi	Múlberg (1281)	Rækja (úthafsækja)	58.830	25,97%	26,62%	0,65%
13	HB Grandi	Ottó N Þorláksson (1578)	Ufsi	257.143	16,28%	17,33%	1,05%
16	Icelandic Ný-Fiskur	Óli Gísla (2714)	Þorskur	17.194	8,23%	10,91%	2,68%
18	GPG Seafood	Nanna Ósk II (2793)	Þorskur	81.975	10,39%	13,16%	2,77%
7	Fiskmarkaður Íslands	Tjaldur (2158)	Ýsa	37.588	16,05%	19,56%	3,51%
19	Oddi	Sæli (2694)	Þorskur	184.068	15,14%	19,19%	4,05%
10	Fiskmarkaður Íslands	Örvar (2159)	Keila	6.527	3,06%	8,00%	4,94%

Skýringar: Blaðsíðutölin á myndinni vísa á gögn um viðkomandi landanir og endurvigtanir í skjalinu hér að neðan. Feitletruðu hlutfallstölurnar sýna í prósentustigum mismuninn á íshlutfalli í aflanum við endurvigtun að viðstöddum eftirlitsmanni í samanburði við meðalísmagn í öllum afla viðkomandi skips sem aðili vigtaði á tímabilinu. Mismunurinn birtist í prósentustigum. Svo dæmi sé tekið er efst á listanum aðili þar sem íshlutfallið í aflanum var að meðaltali 16,97% en við yfirstöðu eftirlitsmanns reyndist það

4,33%. Mismunurinn er 12,64 prósentustig sem íshlutfallið er lægra við yfirstöðu en það var í aflanum að jafnaði á tímabilinu .

Grunngögn um hlutfall kaelimiðils hjá vigtunarleyfishöfunum

(/media/utgefid_efni/Hlutfall_kaelimidils_0104_2017.pdf)

Í gögnunum eru þær vigtanir þar sem eftirlitsmenn hafa verið viðstaddir auðkenndar með bláum lit en aðrar vigtanir eru sýndar gráar.



FFSÍ

**FARMANNA- OG
FISKIMANNASAMBAND ÍSLANDS**

Grensásvegi 13 - 108 Reykjavík - Sími 520 1281 - Fax 520 1289

**Nefndasvið Alþingis,
Atvinnuveganefnd**

Austurstræti 8-10,

150 Reykjavík.

Reykjavík. 11. apríl 2017

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breyt. á lögum um umgengni um nytjastofna sjávar og lögum um Fiskistofu (eftirlit með vigtunarleyfishöfum), 412. Mál.

FFSÍ telur löngu tímabært að bregðast með afgerandi hætti við því misræmi sem borið hefur á og felst í mjög miklum frávikum á íshlutfalli landaðs afla og styður eindregið þessa lagabreytingu.

Virðingafyllst

F.h. FFSÍ Árni Bjarnason



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 19. apríl 2017

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um nytjastofna sjávar og lögum um Fiskistofu (eftirlit með vigtunarleyfishöfum), 412. mál.

VM – Félag vélstjóra og málmæknimanna fagnar framkomnum breytingum á lögum um nytjastofna sjávar nr. 57/1996 og lögum um Fiskistofu nr. 36/1992.

Með þessum breytingum er verið að taka á málum sem hafa verið í ólestri og skapað óánægju með framkvæmd réttar aflaskráningar.

Félagið tekur undir með tilgangi breytinganna, sem er að auka áreiðanleika endurvigtunar til að ná fram nákvæmari aflaskráningu. Með þessum breytingum mun jafnræði milli útgerðaraðila og almennt traust á íslenska fiskveiðistjórnunarkerfinu aukast.

Félagið hvetur stjórnvöld til að halda áfram á þeirri braut að tryggja að afli íslenskra fiskiskipa sé rétt vigtaður.

Að fenginni reynslu um lög og reglur á Íslandi er það skoðun félagsins að allt of vægt sé tekið á því þegar aðilar eru staðnir að því að brjóta þau. Því eigi refsíákvæði að vera það ströng að þau hafi sterkan fælingarmátt.

Virðingafyllst,
f.h. VM – Félags vélstjóra og málmæknimanna

Guðmundur Þ. Ragnarsson, formaður VM.



Alþingi - nefndasvið
b.t. atvinnuveganefndar
Kirkjustræti
101 Reykjavík

Reykjavík 2. maí 2017

1704002HA VRH
Málalykill: 30.21

Efni: Umsögn Hafnasambands Íslands um frumvarp til laga um umgengni um nytjastofna sjávar og lögum um Fiskistofu, 412. mál

Vísað er til erindis atvinnuveganefndar Alþingis, dags. 6. apríl 2017, þar sem óskað er eftir umsögn Hafnasambands Íslands frumvarp til laga um breyt. á lögum um umgengni um nytjastofna sjávar og lögum um Fiskistofu (eftirlit með vigtunarleyfishöfum), 412. mál. Erindið var tekið fyrir á stjórnarfundi hafnasambandsins 28. apríl sl. og var eftirfarandi samþykkt samhljóða:

Hafnasamband Íslands fagnar fram komnu frumvarpi til laga um breytingu á lögum um umgengni um nytjastofna sjávar og lögum um Fiskistofu (eftirlit með vigtunarleyfishöfum.) Telur hafnasambandið afar mikilvægt að auka öryggi og áreiðanleika vigtunar hjá vigtunarleyfishöfum eins og tilgangur frumvarpsins er.

Þar sem ekki er að finna í lögum eða reglugerðum sem um vigtarmál fjalla orðskýringu á vigtunarleyfishöfum, vill hafnasambandið taka það skýrt fram að skoðun þess er að íslenskar hafnir flokkist ekki sem vigtunarleyfishafar. Skoða ber álit Hafnasambandsins við frumvarpið í þessu ljósi.

Þá vill hafnasambandið ítreka þá ósk sína að gerður verði samningur við hafnirnar um greiðslu fyrir þá þjónustu sem þær veita ríkinu með vigtun og skráningu sjávarafla í þágu fiskveiðistjórnunarkerfi ríkisins.

Framangreint tilkynnist hér með.

Virðingarfyllt

HAFNASAMBAND ÍSLANDS

Gísli Gíslason

formaður stjórnar Hafnasambands Íslands

Reykjavík, 10.04.2017
Tilv. 2017-0160 - 23.01
bS/mp

Málefni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um umgengni um nytjastofna sjávar og lögum um Fiskistofu (eftirlit með vigtunarleyfishöfum), 146. löggjafarþing 2016–2017, Þingskjal 544—412. mál

Hafrannsóknastofnun fagnar því að auknar verði eftirlitsheimildir Fiskistofu til að tryggja að aflaskráning sé eins nákvæm og kostur er enda geta rangar aflatölur haft áhrif á þá vinnu sem Hafrannsóknastofnun sinnir varðandi mat á stærð fiskistofna sem og ráðgjöf um nýtingu þeirra.

Hafrannsóknastofnun vekur athygli á notkun hugtaksins „verulegt frávik“ í fyrstu grein frumvarpsins. Það hugtak er óskilgreint og væntanlega mjög matskennt.

Í 2. mgr. 13. greinar laga nr. 57/1996 með síðari breytingum er einnig að finna matskennt orðalag þar sem segir að:

„Telji Fiskistofa að afli tiltekins skips sé að stærðarsamsetningu, aflsamsetningu eða gæðum frábrugðinn afla annarra skipa sem stunda sambærilegar veiðar“.

Í ofangreindri málsgrein sem líklega er sett til að taka á brotum varðandi meint brottkast er ekki skilgreint hversu frábrugðinn stærðar- eða aflsamsetning þurfi að vera til að Fiskistofa telji þörf á að fylgjast sérstaklega með viðkomandi skipi. Hafi Fiskistofu hins vegar gengið vel að vinna eftir þeirri málsgrein 13. greinar laganna má vænta að það gangi einnig vel með þeirri lagagrein sem verið er að leggja til. Sé raunin hins vegar að illa hafi gengið að nýta ákvæði 2. mgr. 13. greinar laga nr. 57/1996 telur Hafrannsóknastofnun að setja þurfi vikmörk á íshlutfall í 3. mgr. 13. gr.

F.h. Hafrannsóknastofnunar, rannsókn- og ráðgjafarstofnunar hafs og vatna,



Þorsteinn Sigurðsson



Atvinnuveganefnd Alþingis

Páll Magnússon formaður

8. maí 2017

Efni: Umsögn LS við frumvarp um breytingu á lögum um umgengni um nytjastofna sjávar og lögum um Fiskistofu (eftirlit með vigtunarleyfishöfum).
Þingskjal 544 – 412. mál.

Landssambandi smábátæigenda (LS) hefur verið kynnt drög að frumvarpinu. LS fagnar framkomnu frumvarpi og hvetur nefndina að afgreiða það sem fyrst.

Gildandi vigtarreglur hafa fengið það orð á sig, og ekki að ástæðulausu að þar sé að finna stærstu ívilnun til kvóta sem í gildi er. LS hefur margsinnis vakið athygli á því ófremdarástandi sem ófullnægjandi ákvæði laganna leiða af sér varðandi gríðarlega mismunun. LS harmar að ekki skuli hafa verið brugðist fyrr við ábendingum félagsins. Eftirfarandi tilvitnun úr 2. kafla greinargerðar með frumvarpinu styður framangreint:

„Fiskistofa hefur staðfest að í vissum tilvikum komi í ljós lægra íshlutfall þegar staðið er yfir endurvigtun en þegar ekkert opinbert eftirlit er við haft. Þannig er rökstuddur grunur um að aflamagn sé í þessum tilvikum skráð minna en það raunverulega er. Nauðsynlegt er því að styrkja heimildir Fiskistofu til að hafa virkara eftirlit með vigtunarleyfishöfum þegar rökstuddur grunur er um ranga skráningu íshlutfalls.“

Það er skoðun LS að frumvarpið auki mjög á áreiðanleika við vigtun sjávarafla og dragi þar með úr þeirri mismunun sem í gangi hefur verið. Sú snjalla lausn sem frumvarpið boðar er sniðin til að vera íþyngjandi fyrir þá aðila sem ekki fara eftir þeim reglum sem gilda um vigtun, sbr. eftirfarandi tilvitnun úr 6. kafla greinargerðar frumvarpsins:

„Fari vigtunarleyfishafar eftir þeim lögum og reglum sem gilda um vigtun og skráningu sjávarafla þá mun efni frumvarpsins ekki reynast þeim íþyngjandi á neinn hátt. Einungis í þeim tilfellum þegar reglum er ekki fylgt verður efni frumvarpsins íþyngjandi.“



Leiðin eru rúm þrjú ár frá því LS gaf umsögn um þáverandi tillögu að breyttum reglum um skráningu og vigtun sjávaraflla. Þar sagði m.a. eftirfarandi:

„Í bréfi ráðuneytisins segir að ein algengasta leiðin til að skjóta undan afla sé að skrá íshlutfall í afla hærra en það er í raun“


Í tillögum ráðuneytisins voru gefnir tveir kostir og varð það niðurstaða LS að mæla með að vigtun væri lokið á hafnarvog.


Öðru sinni gaf LS umsögn við sambærilegt málefni 25. september 2015. Í niðurlagi þeirrar umsagnar var lýst vonbrigðum með hversu málið hefði tafist.

Sú leið sem nú er lögð til er að mati LS einföld en að sama skapi skilvirk og hittir þá fyrir sem notið hafa ívilnunar með vigtun á undanförunum árum. Það er einnig mat félagsins að af öllum þeim tillögum sem hingað til hafa komið fram til að koma í veg fyrir þjófnað með rangri vigtun sé þessi sú besta til að ráðast að þessari meinsemd.

LS ítrekar það sem fram er komið að nefndin afgreiði frumvarpið sem fyrst til 2. umræðu og hvetur til samþykktar frumvarpsins til laga sem fyrst.

Virðingarfyllt


Axel Helgason formaður


Örn Pálsson framkvæmdastjóri



Atvinnuveganefnd Alþingis
Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Reykjavík, 18. apríl 2017

Umsögn um frumvarp laga um breytingar á lögum um umgengni um nytjastofna sjávar og lögum um Fiskistofu (eftirlit með vigtunarleyfishöfum)

Atvinnuveganefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi (SFS) um frumvarp til laga um breytingar á lögum um umgengni um nytjastofna sjávar og lögum um Fiskistofu (eftirlit með vigtunarleyfishöfum) þskj. 554 -412. mál.

Frumvarpið felur í sér auknar heimildir til Fiskistofu til eftirlits með vigtun hjá vigtunarleyfishöfum ef að í ljós kemur við eftirlit að verulegt frávik sé á íshlutfalli í afla skips frá fyrri löndunum. Orðrétt segir í athugasemdum við 13. og 17. gr. laganna:

“Lagt er til að bætt verði við nýrri málsgrein í 13. gr. laganna sem kveður á um að Fiskistofa skuli senda eftirlitsmann til vigtunarleyfishafa í allt að sex vikur ef í ljós kemur að verulegt frávik sé á íshlutfalli í afla tiltekins skips við eftirlit Fiskistofu miðað við íshlutfall skipsins í fyrri löndunum. Þannig er gert ráð fyrir að Fiskistofa bregðist við þegar rökstuddur grunur er um kerfisbundið misræmi í íshlutfalli. Sá samiburður sem gerður er miðast við sama skip og þá þarf einnig að taka tillit til þeirra tegunda sem vigtaðar eru þar sem mismunandi íshlutfall getur verið eftir tegundum. Fiskistofa mun því fara yfir fyrri skráningar á íshlutfalli og bera saman við niðurstöður eftirlitsins. Ekki eru settir neinir tölulegir mælikvarðar þar sem Fiskistofa metur í hverju tilfelli fyrir sig hvort um verulegt frávik sé að ræða.”

“Lagt er til að Fiskistofa skuli svipta vigtunarleyfishafa leyfi ef ítrekað koma fram við eftirlit verulegt frávik frá íshlutfalli. Ákvæðinu er fundinn staður í 17. gr. laganna en sú grein fjallar um viðurlög vegna brota á lögnum og reglum sem gilda um vigtunarleyfishafa. Ákvæðið kveður á um að Fiskistofa geti svipt vigtunarleyfishafa vigtunarleyfi í allt að eitt ár vegna ítrekaðra verulegra frávika. Ákvæðið er matskennt og er það Fiskistofa sem framkvæmir mat á því hvenær vigtunarleyfishafi telst hafa verið ítrekað með verulegt frávik í íshlutfalli. Vigtunarleyfishafinn verður að hafa orðið



uppvís að verulegu fráviki í ishlotfalli og sætt eftirliti oftár einu sinni til þess að um sé að ræða ítrekuð veruleg frávik.”

Samtökin hafa lengi bent á mikilvægi þess að rétt skráning aflu sé ein af lykilstoðum við stjórn fiskveiða. Þær heimildir sem Fiskistofu er færðar til að tryggja rétta aflskráningu er ásættanlegt skref til þess að stuðla að ábyrgri stjórn fiskveiða. Engu að síður benda samtökin á að gæta verður varúðar við auknar valdheimildir Fiskistofu, en gera verður miklar kröfur til Fiskistofu að hún fari málefnalega og faglega með þessar valdheimildir og gæti að stjórnsýslulögum og réttaröryggi þeirra sem að hún kemur til með að beita gagnvart þessum heimildum, sérstaklega í ljósi þess að lagaheimildirnar eru háðar mati Fiskistofu hverju sinni.

Virðingarfyllst,



Friðrik Friðriksson, hdl.

fh. Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi

